

Fundargerð stýrihóps um Menntasetrið við Lækinn - 2103173  
Haldinn á Teams föstudaginn 3. desember kl. 09:00, 2021

Fundarritari: Fanney Dórothe Halldórsdóttir sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs.

Mættir:

Ágúst Bjarni Garðarsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Fanney Dórothe Halldórsdóttir, Helga Stefánsdóttir, Helga Björg Arnardóttir.

### 1. Staða á samningum við HÍ og HA

Samningur við Háskóla Ísland um leigu á 2. hæð Menntasetursins tilbúinn til undirritunar. Háskólinn á Akureyri hyggst ekki endurnýja samning við Hafnarfjarðarbæ um þjónustu vegna fjarnáms. Sá samningur rennur út um áramót.

### 2. Nýting á húsnæði

Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs greindi frá núverandi nýtingu húsnæðisins; Fjölgreinadeild nýtir helming fyrstu hæðar, Reykjadalur leigir salinn á frystu hæð um helgar. Fjölgreinadeild færir í húsnæði Hraunvallaskóla næsta haust. Einn leigjandi er með námskeið í einni stofu á annarri hæð út febrúar.

Á vordögum verður ráðinn inn verkefnastjóri í verktöku til að setja af stað Nýsköpunar- og tæknisetur á fyrstu hæð.

### 3. 2001086 - Hverfisgata 52b, lóðarstækkun

Tekin fyrir umsókn frá Óla Erni Eiríkssyni um stækkun lóðar. Erindinu var vísað til umsagnar hjá starfshópnum. Helga Stefánsdóttir fór yfir beiðnina og yfirlitsmynd af svæðinu. Starfshópurinn leggur til við skipulags- og byggingaráð að lóðin verði skoðuð í heild áður en formlega afstaða verður tekin til beiðni Óla Arnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:45